

Erla Bolladóttir
Skúlagata 46
Gsm: 820 1927
Netfang: erla@asetur.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/350
komudagur 18.11.2011

Reykjavík 17.11.2011

UMSÖGN um þskj. 53 – 53. mál.

Skipan sannleiksnefndar til rannsóknar á málsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Undirrituð þakkar fyrir veitt tækifæri til umsagnar um tillögu til þingsályktunar um skipan sannleiksnefndar til rannsóknar á málsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmála og fagnar þeirri stefnu að málið verði tekið til umræðu á Alþingi með það að markmiði að hið sanna verði loks leitt í ljós um það sem raunverulega átti sér stað í aðdraganda rannsókna þessara mála, rannsóknanna sjálfra og þeirri málsmeðferð sem þau hlutu á öllum stigum.

Um heiti nefndarinnar: Sannleiksnefnd vekur spurningar um starfsgrundvöll hennar m.t.t. rannsóknarumsvifa. Í drögum þingsályktunarinnar segir:

Rannsókn sannleiksnefndar á ekki að snúast persónulega um þá sem stóðu að rannsókninni á sínum tíma. Vafalaust töldu þeir sig vera að gera gagn. Menn höfðu þá mun takmarkaðri skilning á því en núna hvað það er í rauninni auðvelt að knýja fram játningar sakborninga – og menn hafa líka betri skilning á því hversu rangt er að beita nokkurs konar þvingunum við yfirheyrslur. Það er ekki aðeins siðferðislega rangt heldur leiðir það líka nær undantekningarlaust til rangrar niðurstöðu.

Hafi eingöngu verið um mistök að ræða af hálfu rannsóknaraðila, vegna skilningsskorts á rangindum þess að beita þvingunum við yfirheyrslur, er víst að niðurstöður rannsóknarinnar hefðu orðið aðrar. Þegar talað er um mistök er átt við eitthvað sem gerist óvart. Í þessu máli er undirritaðri hins vegar óþægilega ljóst að um ásetning var að ræða af hálfu rannsóknaraðila. Í þessu sambandi skal bent á *aðdraganda* rannsóknar beggja mála.

- ▶ Í málsskjöllum um aðdraganda þess að sakborningar voru yfirheyrðir um afdrif Guðmundar Einarssonar er einungis ein setning finnanleg þar sem fram kemur að lögreglunni hafi nýlega borist upplýsingar sem benda þyki til aðildar sakborninga að hvarfi hans. Aldrei voru sakborningum kynntar nefndar upplýsingar. Við athugun á málinu kemur hins vegar í ljós að sömu rannsóknaraðilar höfðu tal af samfanga Kristjáns Viðars Viðarssonar í nóvember 1975. Ekki er ljóst hvert tilefni þessa samtals var, en vitað er að umræddur samfangi og Kristján Viðar elduðu grátt silfur saman vegna persónulegra mála. Samfanginn sagði rannsóknaraðilum sögu um aðild Kristjáns Viðars að hvarfi Guðmundar, en ekkert finnst hins vegar skráð um umrætt samtal hans og rannsóknaraðila. Upphafsskýrsla í Guðmundarmáli í desember 1975 er hins vegar tekin af undirritaðri, en hún reynist samhljóða frásögn umrædds samfanga Kristjáns Viðars, sem undirrituð þekkti ekki og vissi því síður um frásögn hans. Aðstæður skýrslutökunnar af undirritaðri voru á þessum tíma þær að tekin hafði verið

fullnaðarskýrsla af henni um póstsvik eftir vikulanga einangrun frá 11 vikna gömlu barni sem hafði vanist af brjóstagjöf daginn áður en handtaka hennar fór fram. Eftir meira en 10 klst. upphafs yfirheyrslu um hvarf Guðmundar sem undirrituð tjáði skýrt og endurtekið að hún hefði enga vitneskju um aðra en þá að útilokað væri að nefndir sakborningar hefðu komið þar nokkurs staðar nærri, lögðu rannsóknarmenn hart að henni að rifja betur upp, því úr einangrun yrði hún ekki leyst fyrr en hún gæti skýrt þeim að fullu frá voða atburðum sem hún hefði augljóslega orðið vitni að en gæti ekki munað vegna áfallsins sem það hefði valdið henni. Þeir lögðu sig jafnframt fram við að fullvissa hana um að þeir gætu veitt henni þá hjálp sem dygði til að upprifjun hennar mætti takast. Þetta gerðu þeir síðan með því að leiða undirritaða í frásögn sinni sem aðalvitnis að meintu morði Guðmundar Einarssonar.

- ▶ Í málsskjölum um aðdraganda þess að sakborningar voru yfirheyrðir um afdrif Geirfinns Einarssonar er enn minna að finna en í hinu fyrri. Við upphaf yfirheyrslna yfir undirritaðri var ársgamalt bæjarslúður lagt til grundvallar. Þá var undirrituð orðin þrekuð af tíðum samskiptum sínum við rannsóknaraðila sem lögðu áherslu á þau samskipti og snerust þau að verulegu leyti um spurningar um hina ýmsu óupplýstu glæpi. Eftir eina af mörgum ólöglega löngum yfirheyrslum bugaðist undirrituð enn með því að láta leiðast af rannsóknaraðilum í frásögn sinni um meint morð Geirfinns Einarssonar. Sú frásögn reyndist hins vegar samhljóða frásögn sem fram hafði komið hjá sömu rannsóknaraðilum um þremur mánuðum áður, þegar sambýlismaður fyrrverandi eiginkonu Sigurbjörns Eiríkssonar reyndist einungis hafa spunnið sögur yfir öli, innblásinn af samfélagsslúðri fyrri tíma.
- ▶ Ástæða er jafnframt til að benda á að póstsvikamál það sem var opinbert tilefni handtöku undirritaðrar hafði mátt teljast sannað meira en ári áður en legið óhreyft í skúffu deildarstjóra tæknideildar rannsóknarlögreglunnar síðan. Athygli vekur sú tímasetning sem valin er til að láta til skarar skrifa í málinu án þess að nokkuð nýtt hafi þar komið fram í heilt ár, með því að hneppa undirritaða í gæsluvarðhald á svo viðkvæmum tíma í lífi hennar. Enn athyglisverðara er þetta þó í ljósi þess að rannsóknaraðilar höfðu þá skömmu áður fengið fram fyrrnefndar frásagnir um meinta atburði í báðum málum. Þessar frásagnir urðu að frásögnum allra sakborninga í báðum málum milli þess sem þær voru bornar tilbaka. Þær áttu einnig eftir að breytast verulega til að samræma þær raunverulegum aðstæðum og breyttust þær þá í öllum tilfellum hjá öllum sakborningum til samræmis. Úr þessu varð að lokum hárnákvæmt samræmi sem síðar var lagt til grundvallar þeim dómum sem felldir voru í báðum málum, án nokkurs annars sem réttlæta mætti sem sönnunargagn.

Varhugavert er að nálgast málið sem mistök í ljósi þess sem að ofan greinir, en þetta er einungis brot af því sem rennir stoðum undir að um ásetning hafi verið að ræða í rannsókn þessara mála. Það nægir því ekki að tala um að skipuð verði sannleiksnefnd sem „leitist við að kalla til alla þá sem enn lifa og komu við sögu í rannsókn þeirra og málsmeðferð“. Slíkri nefnd yrði nauðsyn að hafa allar þær heimildir til rannsókna sem starfið útheimtir, þ.m.t. heimildir til yfirheyrslna, kröfur til gagna og hvað það annað sem þörf kann að skapast fyrir.

Ástæða er í þessu sambandi til að minna á þann starfshóp á vegum Innanríkisráðuneytisins sem á þessum dögum vinnur samkvæmt starfslýsingu sem svipar mjög til þeirrar sem fram kemur í þingsályktunartillögunni. Skynsamlegast hlýtur þó að vera að sannleiksnefnd tæki upp rökrétt framhald af þeirri vinnu sem starfshópur ráðuneytisins innir nú af hendi, en gera má ráð fyrir að vinna hópsins komi til með að varpa ljósi á alvarlegar ástæður til að rannsaka umrædda þætti þess til hlítar með það svigrúm sem víðtækar rannsóknarheimildir veita.

Af sömu ástæðu er einnig vert að nefndina skipi einlægir sannleiksleitendur sem umhugað er um réttlæti, með þá menntun og reynslu sem starf þeirra krefðist. Reyndir fjölmiðlamenn á Íslandi í dag hafa hins vegar ekki farið varhluta af máli þessu og gæti val úr þeirra röðum orkað tvímælis. Hið sama má segja um reynda lögfræðinga. Ástæða er til að velja fremur einstaklinga úr röðum þeirra sem á engan hátt geta tengst þessum málum auk þess að hafa til þess bæði þekkingu og reynslu. Hugmynd um erlendan, óvilhallan aðila myndi einungis reynast vel ef til kæmi þýðing á öllum málsskjölum. Að öðrum kosti myndi slík hugmynd á endanum skila vinnunni á sama stað og ef um eingöngu Íslendinga væri að ræða, þ.e. erlendir aðili yrði háður upplýsingaveitu samnefndarmanna sinna. Þess vegna er vart önnur leið fær en sú að finna íslenskumælandi einstaklinga af yngri kynslóð sem líklegt má telja að séu ómengaðir af eldri umfjöllunum um málið.

Betur væri heima setið en af stað farið ef ekki yrði fulltryggt að allt verði gert til að leiða megi sannleikann í ljós í málum sem rúið hafa líf sakborninganna allra sjálfsögðum gæðum eins og frelsi, réttindum, mannorði og jafnvel lífinu sjálfu. Ekki er það síður mikilvægt að virðing og traust á dómstólum landsins er að veði, en slíkt ástand grefur undan stoðum samfélagsins með afleiðingum sem erfitt er bæði og sárt að horfa upp á í samfélagi sem þarfnast þess sárlega að réttlætinu sé fullnægt.

Með virðingu,



Erla Bolladóttir